

Slysin gera ekki boð á undan sér.

Nú síðdegis voru tveir ungir 6 ára piltar úr Grundarhverfi að leik á hjólarampinum við Klébergsskóla. Þetta eru fjörmiklir piltar sem vilja þekkja sitt umhverfi og fóru því í ævintýraferð upp með læknum sem rennur úr Vallárlandi og niður með hverfinu. Lækurinn rennur í víðu röri undir þjóðveginn og til að fara eftir honum þarf a.m.k þökkalega há stígvél. Piltarnir sáu lækinn renna í gegnum rörið og þar fyrir ofan kom lækurinn niður fjallið. Hér var eitthvað verulega spennandi að sjá. Þar sem skóbúnaður þeirra þoldi illa vatn var ekki um annað að ræða en fara upp á þjóðveg og þræða leiðina á milli bílanna í þungri umferðinni til að komast að því hvernig umhorfs væri ofan vegar. Auðvelt var að komast upp á vegkantinn þar sem engar hindranir eru þar til staðar. Gömul og vitagagnslaus girðing sem einu sinni þótti nauðsynleg milli hverfis og þessa umferðarmikla þjóðvegar er ekki lengur viðhaldið og því greiðfært fyrir stutta fætur að komast inn á þjóðveginn. Ekki fer sögum af því hvernig piltunum tókst að þræða á milli bílanna á leið sinni yfir veginn. Þegar þeir höfðu um stund svalað forvitni sinni og hugðust fara heim á leið vandaðist málið og ferðalagið var ekki lengur í þeirra höndum. Annar var ekki að hika og hljóp yfir rétt áður en nokkra bíla á norðurleið bar



þar að. Einn bílstjórinn stöðvaði bílinn þegar hann sá hinn fyrri hlaupa yfir og ætlaði að stíga út en varð að bíða því fjórir bílar fóru fram úr honum áður en hann lagði í að opna bílstjórarahurðina. Þegar hann nær að fara út er pilturinn sem áður hikaði að leggja af stað yfir þjóðveginn. Það var of seint að grípa inn í. „Það fraus í mér blóðið þegar flutningabíllinn kom aðvífandi sagði bílstjórinn“. Það var mikil mildi að bílstjóri þungaflutningabílsins var vel á verði og náði að nauðhemla áður en þessir dauðskelkuðu ungu menn urðu fyrir þessum þunga bíl. Annar vegfarandi sagði: „Ég var á neðri veginum og sé þar glitta í hjálm hjá strák sem er að hlaupa yfir veginn. Í því heyrist í lúðri flutningabíls sem er að nauðhemla og ég snéri mér undan – ég gat ekki lengur horft á þetta.“

Samkvæmt talningu vegagerðarinnar fóru á þessum tíma seinnipart miðvikudagsins 3. júní allt að einn bíll á hverjum fimm sekúndum eða 115 bílar á tíu mínútna tímabili. Hvað tekur langan tíma að hlaupa yfir 10 m breiðan veg? Við lauslega mælingu á bremsuförum flutningabílsins mátti auðveldlega merkja að þau voru yfir 30 m löng.

Lengi hefur verið rætt og ritað, skrafað og fundað um umferðaröryggismál á Kjalarnesi án sýnilegs árangurs. Hér klýfur þjóðvegur 1 byggðakjarnann á Kjalarnesi án þess að nokkrar gildar ráðstafanir séu gerðar varðandi umferðaröryggismál. Grunnskólinn með sína 160 nemendur er aðeins í nokkra tuga metra fjarlægð frá þessum þjóðvegi. Það er ekki einu sinni girðing milli byggðarinnar og þjóðvegarins til að hindra aðgengi að honum. Sett voru upp ljósaskilti ásamt skiltum sem segja að hér sé 70 km hámarkshraði á klst. Fáir taka mark á því og umferðin eykst dag frá degi.

Nú er þolinmæði á þrotum og þörf á aðgerðum.

Það er ekki til sú afsökun fyrir því að þjóðvegur með umferðarhraða fast að 100 km á klst og oft innan við fimm sekúndur á milli bíla sé ekki afgirtur frá íbúðabyggð sem hann fer í gegnum. Það þarf að koma þessari girðingu upp á næstu dögum. Vegna hins mikla umferðarhraða sem er á þessum vegi og þar sem hraðatakmörkun er ekki virt er nauðsynlegt að fræsa rílur í veginn til að draga úr hraðanum. Það eru fordæmi fyrir slíku t.d á Bifröst þar sem aðstæður eru svipaðar nema þar er umferðarpunginn langt um minni. Þá væri örugglega til bóta að mála 70 km hraðatakmörkunina í veginn þar sem það á við. Þetta eru einfaldar en áhrifamiklar aðgerðir sem hægt er að framkvæma strax og koma vonandi að góðum notum í þær vikur sem við þurfum að bíða eftir að framkvæmdir hefjist við varanlegan Vesturlandsveg.

Skrauthólum, 3. Júní 2009,
Ásgeir Harðarson.